

Nd. **1128. Frumvarp til laga** [504. mál]
um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. júní.)

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

- 15.1. Árlega skal verja sem svarar 0,5% af tekjum ríkissjóðs af tóbaksgjaldi til tóbaksvarnastarfs.
- 15.2. Tóbaksvarnanefnd gerir tillögur til ráðherra um ráðstöfun fjárins.

2. gr.

Við 16. gr. bætist ný málsg., svohljóðandi:

- 16.2. Heilbrigðisráðherra setur með reglugerð ákvæði um innflutning tóbaks, með hliðsjón af skaðsemi þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1986. Þó skulu ákvæði 2. gr. öðlast gildi nú þegar.